



Skólanefndarfundur var haldinn föstudaginn 27. mars kl. 10.30, í gegnum Microsoft Teams.

Dagskrá:

1. Skólahald vorannar 2020  
Nemendatölur  
Mannahald
2. Staða vegna Covid 19
3. Persónuverndarstefna FNV
4. Jafnlaunavottun
5. Fjármál
6. Önnur mál

### Afgreiðslur:

Adolf boðaði forföll

Gunnsteinn setti fund og bauð alla velkomna á þennan fund.

1. Kristján áfangastjóri fór yfir nemendahald vorannar 2020, í skólanum eru skráðir 536 nemendur, og fór hann yfir skiptingu nemenda eftir brautum og kyni. Einnig fór hann yfir skiptingu nemenda eftir aldri og búsetu. Umræður urðu um mikla aðsókn í iðnnámi um helgar. Húsnæði verknáms er fyrir löngu orðið of lítið. Kolbrún sagði frá því að mikil ánægja væri með helgarnámið. Þorkell sagði frá því að nemendafélag NFNV, ætti hrós skilið fyrir kynningarmál skólans.

Ingileif skólameistari fór yfir breytingar á mannahaldi á vorönn, en nokkrar breytingar hafa orðið á mannahaldi. Félagsráðgjafi í 75% starf hefur verið ráðinn til starfa við skólann.

2. Ingileif fór yfir stöðu skólans vegna Covid 19, en framhalsskólum var lokað og hafa bóknámskennarar kennt í gegnum Teams, byrjuð var kennsla skv. stundaskrá strax þriðjudaginn 17. mars, varðandi verknámið sótti skólameistari um undanþágu til kennslu en var ekki samþykkt, ákveðið var að auka fagbóklega kennslu fram að páskum og auka verklega kennslu eftir páska. Starfsbrautakennsla hefur verið með öðrum hætti, en sett hefur verið upp stundaskrá fyrir þau. Varðandi ípróttir þá er t.d. jóga kennt í gegnum Teams, kennsla gengur vel. Undirbúningur er hafin að því, ef kennsla getur

- ekki hafist eftir páska. Umræður urðu um brautskráningu í vor. Skólanefnd hrósaði skólanum hvað vel hefur gengið að koma kennslu á.
3. Skólanefnd fékk senda persónuverndarstefnu FNV í gær. Ingileif fór yfir persónuverndaryfirlýsingu FNV, skólanefnd samþykkti hana með öllum greiddum atkvæðum.
  4. Ingileif sagði frá jafnlaunavottun skólans, en Íris Helma hefur unnið hana, skólinn er búin að fara yfir allt ferlið en honum vantar lokaúttekt á jafnlaunavottunina. En allt er tilbúið af hálfu skólans.
  5. Guðrún fjárhaldmaður sagði frá uppgjöri vegna ársins 2019. Rekstrarkostnaður alls er 770.587.502, sértekjur eru 96.558.824, gjöld umfram sértekjur samtals 674.028.678., framlag ríkissjóðs er 692.748.390, Afgangur vegna ársins 2019, er 18.719.712. Höfuðstóll í árslok 2019 er 51.252.149.- og fjárfestingarfjárveiting í árslok 2019 er - 22.506.381.- mism. 28.745.768. Ingileif sagði frá tækjakaupum á síðasta ári. Skólanefnd lýsti ánægju sinni með rekstrarafgang ársins.
  6. Ingileif sagði frá herferð á samfélagsmiðlum, sem skólinn fór í vegna kynningarmála en skólinn fékk auglýsingastofuna Sahara til þess að sjá um auglýsingaherferðina. Þeir komi hingað í skólann og vorum með upptökur og viðtöl við nemendur. Einnig sagði Ingileif frá vinnu í ráðuneyti vegna verk og starfnáms og aukning á námsframboði. Rætt var um nemendaferðir sem átti að fara nú í vor, í einhverjum tilvikum er búið að setja niður aðrar dagsetningar, en hefur þessu verið frestað í bil. Gunnsteinn lýsti ánægju sinni með viðbrögð skólans á erfiðum tímum, þakkaði hann góða fundarsetu og sleit fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið  
Helga Sigurðardóttir, fundarritari  
Mættir voru:

Ingileif Oddsdóttir,	Þorkell V. Þorsteinsson,
Guðrún Ottósdóttir,	Gunnsteinn Björnsson,
Rebekka Rögnvaldsdóttir,	Kristján B. Halldórsson,
Unnur Valborg Hilmarsd.,	Guðný Axelsdóttir,
Ásta B. Pálmadóttir,	Kolbrún Sæmundsdóttir,
Sigríður Svavarsdóttir.	